

Fundargerð fundar foreldraráðs Akra

Fundartími: föstudagurinn 08.04.2022 kl: 11:45

Fundarstaður: Google meet

Fundarmenn: Daði Rúnar Pétursson, Hildur Edda Grétarsdóttir, Þóra Þorgeirsdóttir og Ragnhildur Gunnlaugsdóttir (Agga, leikskólastjóri)

1. Umhverfismál - hitt og þetta

- a) Leikskólafundur – rætt um hvort að bærinn myndi ekki láta þrifa allan sand af leikskólalóð eftir veturinn (þ.e. fyrir utan sandkassa)
- b) Agga ræðir við garðyrkjudeild sem kemur og fer yfir garðinn (grasið) og bætir það sem bæta þarf innan þeirra fjármuna sem til er.
- c) Allir iðnaðarmenn á vegum Garðabæjar uppteknir í nýjum leikskólum og því erfitt að fá þá til að koma í viðhald eins og t.d. fataklefann á Móa

2. Mötuneyti, matseðlar og innkaup

- a) Góð staða – deildirnar skipta með sér að velja í matinn síðasta föstudag í mánuði. Almenn tækifæri til að áætla matseðlana.
- b) Grænt teymi er að yfirfara allt í Garðabæ t.d. varðandi innkaup og samræmingu á aðkeyptri þjónustu fyrir bæinn. Vonast er til að ná fram bæði hagræðingu og minnka kolefnisspor. Rætt um að foreldraráð myndi ekki vilja sjá að skólamatur tæki við af matráði. Það er ekki á dagskrá amk ekki eins og er.
- c) Harpa (matráður) er að læra matráðinn.
- d) Breyting hefur verið gerð á þann veg að börnin hafa val á milli cherios og ab-mjólkur á þriðjudögum og fimmtudögum en ekki cheerios á þriðjudögum og ab-mjólk á fimmtudögum eins og áður var. Þessari breytingu var vel tekið.
- e) Í kaffitímum hefur úrval einnig verið aukið þannig að núna er í boði auk brauðs nokkrar tegundir af hrökkbrauði/kexi.
- f) Mögulega Skólamatur í smá tíma í sumar vegna sumarleyfa.

3. Þjónustukönnun

- a) Starfsmannakönnun gerð þetta árið – Agga rétt búin að renna í gegnum hana þegar fundurinn var. Ánægja á mörgum stöðum upp en vantar oft upp á undirbúninginn. Mögulega ófaglærða fólk sem er að svara að það fái ekki undirbúning en það mætir afgangi þegar starfsmenn vantar.
- b) Betur verður farið yfir könnunina á næsta fundi.
- c) Foreldrakönnun verður gerð á næsta ári.

4. Útskrift elsta árgangs, útskriftarferð o.fl.

- a) Sveitaferð verður farin 2 maí – foreldrar fara með. Mögulega fer Mói ekki með en það á eftir að taka endanlega ákvörðum varðandi það. Verður auglýst betur síðar.
- b) Sumarhátíðin 3 júní
- c) Útskriftaferð 17 maí, farið verður í Ölver
- d) Útskrift 19 maí
- e) Allar dagsetningar komnar inn á heimasíðuna

5. Önnur mál

- a) Starfsmannamál
 - 1) Kristín Birna og Þóra hætta á Mýri. Lúðvík byrjaði á Mýri 4 apríl. Verður mögulega ekki í sumar en kemur aftur í haust. Sumarið er vel mannað.
 - 2) Það verða miklar mannabreytingar í haust. Auk þess sem kemur fram hér að neðan þá hætta nokkrir starfsmenn í haust sem eru að fara í nám.
 - 3) Sérkennslustjóri sem er í fæðingarorlofi kemur ekki aftur og Arna Ýr sem að var ráðin inn á meðan mun ekki starfa lengur en hennar samningur segir til um (haustið 2022). Ekki var rætt um hvenær verður auglýst eftir nýjum sérkennslustjóra.
 - 4) Búið er að auglýsa eftir leikskólastjóra en Agga verður á Ökrum til 01.08.22
 - 5) Einnig er verið að fara að auglýsa eftir manneskju í stuðning en sú er komin í veikindaleyfi.
 - 6) Verið er að fara að auglýsa eftir deildarstjórum fyrir haustið.
 - 7) Auglýst eftir öðru starfsfólki í maí fyrir haustið.

Fundi slitið 12:30

Næsti fundur áætlaður í júní 2022.